
HAUSTÞING SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HALDIÐ Í ÁRBLIKI DALABYGGÐ

29. SEPTEMBER 2021



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI

Efnisyfirlit

Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2021	2
Dagskrá á haustþingi SSV 2021.....	2
Þingsetning – Lilja Ágústsdóttir, formaður SSV	3
Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV	3
Erindi	3
➤ Kynning á tillögu að Samgöngu- og innviðaaætlun Vesturlands – Lilja B. Ágústsdóttir.....	3
➤ Kynning á tillögu að nýrri Menningarstefnu Vesturlands – Sigursteinn Sigurðsson	4
Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa.....	4
Ávörp Gesta	5
➤ Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu	5
➤ Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar	5
➤ Vífill Karlsson, hagfræðingur og atvinnuráðgjafi SSV	5
➤ Guðjón Bragason, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga	5
Pallborðsumræður um orkumál.....	6
Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum	6
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV	6
➤ Samgöngumál og innviðir	6
➤ Atvinnu- og umhverfismál	7
➤ Opinber þjónusta og menning.....	7
Þingslit.....	7
Fylgiskjöl:.....	8
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV - samþykkt.....	8
➤ Samgöngumál og innviðir – samþykkt ályktun.....	17
➤ Opinber þjónusta og menning – samþykkt ályktun	21
➤ Atvinnu- og umhverfismál – samþykkt ályktun.....	29



Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2021

AKRANES

- Elsa Lára Arnardóttir bæjarfulltrúi
- Ragnar B. Sæmundsson bæjarfulltrúi
- Valgarður L. Jónsson bæjarfulltrúi
- Ólafur G. Adolfsson bæjarfulltrúi
- Einar Brandsson bæjarfulltrúi
- Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

- Lilja Björg Ágústsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi
- Davíð Sigurðsson sveitarstjórnarfulltrúi
- Logi Sigurðsson sveitarstjórnarfulltrúi
- Þórdís Sif Sigurðardóttir sveitarstjóri

DALABYGGÐ

- Skúli Hreinn Guðbjörnsson sveitarstjórnarfulltrúi
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason sveitarstjórnarfulltrúi
- Kristján Sturluson sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

- Eggert Kjartansson oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

- Jósef Ó. Kjartansson bæjarfulltrúi
- Unnur Þóra Sigurðardóttir bæjarfulltrúi
- Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri

HELGAFELLSSVEIT

- Sif Matthíasdóttir sveitarstjórnarfulltrúi

HVALFJARÐARSVEIT

- Brynja Þorbjörnsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi
- Elín Ósk Gunnarsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi
- Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

- Árni Hjörleifsson, oddviti
 - Ástríður Guðmundsdóttir stjórnarmaður SSV
-

SNÆFELLSBÆR

- Björn Hilmarsson bæjarfulltrúi
- Auður Kjartansdóttir bæjarfulltrúi
- Svandís Jóna Sigurðardóttir bæjarfulltrúi
- Fríða Sveinsdóttir bæjarfulltrúi
- Kristinn Jónasson bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir bæjarfulltrúi
- Erla Friðriksdóttir bæjarfulltrúi
- Lárus Á. Hannesson bæjarfulltrúi
- Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

- Hrefna Bryndís Jónsdóttir
- Ólafur Sveinsson
- Ólöf Guðmundsdóttir
- Páll Brynjarsson
- Sigursteinn Sigurðsson
- Svala Svavarsdóttir
- Sædís Björk Þórðardóttir
- Thelma Harðardóttir
- Vífill Karlsson

GESTIR

- Hólmfríður Sveinsdóttir Sérfræðingur í samgöngu og sveitarst.ráðuneytinu
- Guðjón Bragason sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
- Bjarni Júlíusson ráðgjafi Icefuel
- Einar Mathiesen framkvæmdarstjóri vindorku og jarðvarmasviðs hjá Landsvirkjun
- Gnýr Guðmundsson yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu hjá Landsneti
- Einar Brandsson stjórnarmaður SSV
- Unnur María Þorvaldsdóttir Landsvirkjun
- Eygerður Margrétardóttir Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Hlédís Sveinsdóttir stjórnandi pallborðsumræðna



Dagskrá á haustþingi SSV 2021

- Kl. 09:30 Þingsetning, Lilja B. Ágústsdóttir formaður SSV
- Kl. 09:45 Fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSV fyrir árið 2022 lagðar fram og kynntar. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV
- Kl. 10:15 Kynning á tillögu að endurskoðaðri samgönguáætlun Vesturlands og nýrri menningarstefnu fyrir Vesturland
- Kl. 11:00 Vinnuhópar um ályktanir Haustþings taka til starfa
- Fjárhags- og starfsáætlun SSV - Formaður: Eggert Kjartansson
 - Atvinnu- og umhverfismál - Formaður: Ólafur Adolffsson
 - Samgöngumál og innviðir - Formaður: Lilja B. Ágústsdóttir
 - Opinber þjónusta og menning - Formaður: Björg Ágústsdóttir
- Kl. 12:15 Hádegisverður**
- Kl. 13:00 Skoðunarferð um Dali og Búðardal undir leiðsögn Kristjáns Sturlusonar sveitarstjóra
- Kl. 14:00 Ávörp gesta
Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar
Vífill Karlsson, atvinnuráðgjafi og hagfræðingur hjá SSV
Guðjón Bragason sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Kl. 15:00 Erindi og pallborðsumræður um þema þingsins sem verða orkumál
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
Bjarni Júlíusson, ráðgjafi Icefuel
Einar Mathiesen, framkvæmdarstjóri vindorku og jarðvarmasviðs hjá Landsvirkjun
Gnýr Guðmundsson, yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu hjá Landsneti
- Kl. 17:00 Afgreiðsla áætlana og ályktana
- Kl. 18:00 Þinglok og léttar veitingar

Þingsetning – Lilja Ágústsdóttir, formaður SSV

Formaður SSV setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Lilja fór yfir dagskrá þingsins.

Lilja tilnefndi Eyjólf Ingva Bjarnason og Ingveldi Guðmundsdóttur sem fundarstjóra. Eyjólfur tók við fundarstjórn og tilnefndi Svölu Svavarsdóttur sem ritara. Þá lagði Eyjólfur til að í kjörbréfanefnd yrðu Linda Björk Pálsdóttir og Fríða Sveinsdóttir ásamt Páli S. Brynjarssyni. Þar næst gaf hann Páli S. Brynjarssyni framkvæmdastjóra SSV orðið og bað hann að kynna fjárhags- og starfsáætlun SSV.

Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV

Páll Brynjarsson kom í pontu og kynnti fjárhags- og starfsáætlun sem lág fyrir fundinum.

Páll fór yfir starfsáætlun, hlutverk og markmið SSV. Páll nefndi þau lög sem kveða á um starfsemi SSV sem eru sveitarstjórnarlög og lög um byggðaáætlun og reifaði helstu markmið SSV sem eru að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, efla samstarf, stuðla að aukinni þekkingu kjörinna fulltrúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans. Páll nefndi þau verkefni sem SSV vinnur samkvæmt samningum og samþykktum sem eru í fyrsta lagi samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun. Í öðru lagi þjónustusamningur við stjórn Sorpurðunar Vesturlands en SSV sér um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum. Í þriðja lagi er það Áfangastaðaáætlun Vesturlands og verkefni henni tengdri sem SSV sér um að framfylgja samkvæmt samningi við Ferðamálastofu. Í fjórða og síðasta lagi er SSV falið samkvæmt lögum að vinna að framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands. Einnig fór Páll yfir stjórnskipan og starfsmannahald SSV ásamt yfirferð á helstu áherslum 2022 í samstarfi, stefnumótun, fræðslu, kynningu, Sóknaráætlun Vesturlands, atvinnuráðgjöf, menningar- og velferðarmálum og áfangastaðarins Vesturlands. Þá fór Páll yfir fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir þeim tekju- og rekstrarliðum sem eru í áætluninni. Fram kom að áætlun gerir ráð fyrir tæplega 3,2 mkr. rekstrartapi en lagt er til að viðhald á húsnæði að Bjarnarbraut 8 verði fjármögnuð með handbæru fé en hlutur SSV í þakviðgerð er áætluð 3,5 mkr. á árinu 2022. Í áætlun er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi sveitarfélaganna til SSV. Þá fór hann yfir fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2022 sem er viðauki við fjárhagsáætlun SSV.

Eyjólfur þakkaði Páli og opnaði á fyrirspurnir um fjárhags- og starfsáætlun.

Engar fyrirspurnir komu og vísaði Eyjólfur fjárhags- og starfsáætlun í nefndarstarfið.

Því næst bauð Eyjólfur kjörbréfanefnd að kynna niðurstöður hennar.

Fríða Sveinsdóttir kom í pontu og tilkynnti að fundurinn væri löglegur og að nefndin gerir engar athugasemdir við kjörbréf.

Erindi

➤ Kynning á tillögu að Samgöngu- og innviðaáætlun Vesturlands – Lilja B. Ágústsdóttir

Lilja fór yfir vinnuna við endurskoðun á Samgöngu- og innviðaáætlun Vesturlands og kynnti áætlunina. Stofnaður var 7 manna starfshópur til að halda utan um vinnuna við að endurskoða og uppfæra áætlunina og með henni unnu starfsmenn SSV. Fram kom að þau verkefni sem tilgreind eru í tillögu hópsins er ekki tæmandi talning þeirra verkefna sem þarf að sinna. Forgangsroðun og verktími eru verkefni sveitarfélaga, Alþingis og viðkomandi

stofnana að glíma við. Góð yfirsýn yfir verkefni og samstaða um áherslur í heimabyggð léttu róðurinn og auka líkurnar á því að uppbygging á Vesturlandi gerist hraðar og verði í takt við áherslur heimamanna.

Eyjólfur þakkaði Lilju fyrir sína yfirferð og vísaði tillögu um endurskoðaða Samgöngu- og innviðaaætlun inn í nefndarstarfið.

➤ Kynning á tillögu að nýrri Menningarstefnu Vesturlands – Sigursteinn Sigurðsson

Sigursteinn fór yfir vinnuna við gerð nýrrar menningarstefnu fyrir Vesturland og kynnti stefnuna. Í byrjun árs 2021 var skipað fagráð og var það með þeim hætti að sveitarfélögin á Vesturlandi tilnefndu einn fulltrúa hvert og auk þeirra sitja í fagráði fjórir fagaðilar starfandi á Vesturlandi með menningartengdar atvinnugreinar sem aðalstarf. Við endurskoðun stefnunnar var m.a. höfð til hliðsjónar framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands er lýtur að menningu. Í samningi á milli stjórnvalda og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi er kveðið á um að Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024 skuli marka stefnu landshlutans í menningarmálum og þannig er stefnan áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands, í því augnamiði að fylgja enn frekar eftir ákvæði áðurnefnds samnings um stefnumótun í menningarmálum.

Eyjólfur þakkaði Sigursteini fyrir sína yfirferð og vísaði tillögu að nýrri Menningarstefnu í nefndarstarfið.

Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa

Eyjólfur kynnti fyrirkomulag og vinnu nefnda og tilgreindi hvar hóparnir ættu að starfa og óskaði eftir því að þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir hverja nefnd leiði sínar nefndir til starfa og bauð öðrum fundarmönnum að setja sig í þann hóp sem þeir hefðu áhuga á að vinna í.

Eftirtaldir aðilar voru forsvarsmenn nefnda:

1. Fjárhags- og starfsáætlun SSV:

Formaður vinnuhóps: Eggert Kjartansson

Starfsmenn SSV: Páll S. Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir

2. Atvinnu- og umhverfismál:

Formaður vinnuhóps: Ólafur Adólfsson

Starfsmenn SSV: Ólafur Sveinsson og Ólöf Guðmundsdóttir

3. Samgöngumál og innviðir:

Formaður vinnuhóps: Lilja Björg Ágústsdóttir

Starfsmaður SSV: Vífill Karlsson

4. Opinber þjónusta og menning:

Formaður vinnuhóps: Björg Ágústsdóttir

Starfsmenn SSV: Helga Guðjónsdóttir og Sigursteinn Sigurðsson

Ávörp Gesta

Undir dagskrárliðnum ávörp gesta fluttu fjórir gestir ávörp, en það voru Hólmfríður Sveinsdóttir sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, Vífill Karlsson hagfræðingur og atvinnuráðgjafi SSV og Guðjón Bragason sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

➤ Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Hólmfríður kynnti áætlanir ráðuneytisins í málefnum sveitarfélaga, byggðaáætlun, fjarskiptaáætlun og samgönguáætlun og hvatti sveitarstjórnarfólk og starfsfólk landshlutasamtaka til að hafa aðhald og eftirlit með áætlunum ríkisins.

Erindi Hólmfríðar má nálgast í viðauka fundargerðar.

➤ Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar

Sævar sem starfar í stafrænu ráði sveitarfélaga kynnti hvað var helst í brennidepli á vefráðstefnu um stafræna umbreytingu sveitarfélaga sem hann var nýkomin af. Sagði hann frá verkefnum sem sveitarfélögin vilja vinna að í samvinnu, hvernig umsókn um fjárhagsaðstoð á Ísland.is mun virka fyrir sveitarfélög og umsækjendur, og hvernig tæknileg högun verður gagnvart sveitarfélögum.

➤ Vífill Karlsson, hagfræðingur og atvinnuráðgjafi SSV

Vífill kynnti íbúakönnun 2020 og þá sérstaklega mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi. Erindi Vífils má nálgast í viðauka fundargerðar.

➤ Guðjón Bragason, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Guðjón hvatti sveitarfélögin til að vera klár í samstarf í stafrænni þróun. Hann kynnti m.a. stafrænt umbreytingateymi og stafrænt ráð sveitarfélaga sem styður við stefnumótun og forgangsröðun um stafræna framþróun sveitarfélaga og að til verði samstarf sveitarfélaga á landsvísu um þau mál.

Erindi Guðjóns má nálgast í viðauka fundargerðar.

Ingveldur opnaði á fyrirspurnir til gestanna.

Miklar og góðar umræður sköpuðust um margvísleg málefni.

Ingveldur þakkaði gestum fyrir sín innlegg og komuna.

Pallborðsumræður um orkumál

Ingveldur kynnti pallborðið en þátttakendur voru:

Stjórnandi umræðu: Hlédís Sveinsdóttir

Pallborð:

-Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

-Bjarni Júlíusson, ráðgjafi Icefur

-Einar Mathiesen, framkvæmdarstjóri vindorku og jarðvarmasviðs hjá Landsvirkjun

-Gnýr Guðmundsson, yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu hjá Landsneti

Hlédís kynnti hvern og einn frummælenda einn í einu sem fluttu sitt inngangserindi. Eftir inngangserindi allra þátttakanda hófust spurningar úr sal og í framhaldinu sköpuðust miklar og góðar umræður í um tvo klukkutíma þar sem velt var upp mörgum hliðum á þeim fjölmörgu verkefnum sem hvíla í málaflokknum.

Erindi þeirra frummælenda sem voru með kynningu má finna í viðauka fundargerðar.

Ingveldur þakkaði stjórnanda og þátttakendum fyrir góðar umræður um orkumálin.

Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum

Ingveldur bað fulltrúa vinnuhópa að vera tilbúna að koma í pontu og gera grein fyrir sínu starfi.

➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV

Eggert Kjartansson gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um fjárhags- og starfsáætlun SSV. Hann reifaði umræður hópsins og lagði fram fjárhags- og starfsáætlun eins og hún var lögð fyrir þingið.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða

Starfsáætlun samþykkt samhljóða

Sjá framlagða og samþykta fjárhags- og starfsáætlun í fylgiskjölum

➤ Samgöngumál og innviðir

Lilja Björg Ágústsdóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um samgöngumál og innviði. Þar kom fram að litlar breytingar hafi verið gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir fundinum.

Ályktun um samgöngumál og innviði samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til. Sjá framlagða og samþykta ályktun um samgöngumál og innviði í fylgiskjölum.

Þá bar Ingveldur upp Samgöngu- og innviðaáætlun Vesturlands til samþykktar.

Athugasemdir um orðalag og viðbætur komu fram og voru þær samþykktar og starfsfólki SSV falið að gera þær breytingar.

Samgöngu- og innviðaáætlun Vesturlands samþykkt samhljóða

Sjá framlagða og samþykta Samgöngu- og innviðaáætlun Vesturlands í fylgiskjölum.

➤ Atvinnu- og umhverfismál

Ólafur Adolfsson gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um atvinnu- og umhverfismál og þeirri umræðu sem varð innan hópsins.

Ályktun um atvinnu- og umhverfismál samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til. Sjá framlagða og samþykka ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjöllum

➤ Opinber þjónusta og menning

Björg Ágústsdóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um opinbera þjónustu. Hún las yfir þær breytingar sem vinnuhópurinn gerði á ályktuninni frá upphaflegum í gögnum þingsins og nokkrar tillögur að breytingum og viðbótum bættust við.

Ályktun um opinbera þjónustu og menningu samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt þeim breytingum sem bættust við í umræðum um ályktunina. Sjá framlagða og samþykka ályktun um opinbera þjónustu í fylgiskjöllum.

Þá lagði Ingveldur til að Drög að Menningarstefnu Vesturlands yrði vísað til samþykktar sveitarstjórna og var það samþykkt samhljóða.

Þingslit

Ingveldur Guðmundsdóttir fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og bauð Lilju B. Ágústsdóttur að koma upp og slíta þingi.

Lilja þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir gott þing og góðar umræður og sleit þingi. Hún bauð öllum að þiggja léttar veitingar og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fylgiskjöl:

➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV - samþykkt

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Fjárhagsáætlun 2022



	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022
Tekjur			
Árgjöld sveitarfélaga	35.141.880	35.225.400	35.225.400
Framlag Jöfnunarsjóðs	35.169.373	33.677.376	35.000.000
Byggðastofnun v/atvinnuráðgjöf	23.876.000	23.613.000	23.140.740
Þjónustusamningar	13.008.074	15.588.380	16.056.031
Tekjur atvinnuráðgjafar	6.673.625	6.641.805	6.000.000
Áfangastaðaverkefni	-	11.000.000	11.000.000
Framlag frá Ferðamálastofu	-	11.000.000	11.000.000
Húsaleigutekjur	251.980	-	-
Samtals	114.120.932	136.745.961	137.422.171
Sértekjur			
Styrkir vegna sérverkefna		3.375.000	11.000.000
Styrkir vegna Áfangastaðastofu	11.900.618	5.200.000	4.000.000
Sóknaráætlun Vesturlands	16.592.355	16.600.000	16.600.000
Samtals	28.492.973	25.175.000	31.600.000
Heildartekjur	142.613.905	161.920.961	169.022.171
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	96.335.698	126.276.472	132.364.312
Annar rekstrarkostnaður			
Húsnæðiskostnaður	3.541.275	2.615.789	6.151.187
Rekstur áhaldna og tækja	1.951.963	3.077.897	2.400.000
Skrifstofukostnaður	1.584.919	1.599.628	1.696.000
Stjórnun og umsýsla	17.613.417	20.997.874	23.433.949
Rekstur bifreiða	-	22.590	1.035.613
Samtals	24.668.984	29.326.801	34.391.135
Önnur gjöld			
Framlag til sérverkefna	400.000	400.000	-
Framlag til Markaðsstofu Vesturl.	6.000.000	-	-
Sóknaráætlun	5.588.897	3.519.501	4.000.000
Afskriftir	2.696.779	1.793.346	1.800.000
Samtals	14.685.676	5.712.847	5.800.000
Heildargjöld	135.690.358	161.316.120	172.555.448
Hagnaður/tap án fjárm.	6.923.547	604.841	- 3.533.276
Fjármunatekjur	683.607	289.382	350.000
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	2.350.212	-	-
Hagnaður/tap	9.957.366	894.223	-3.183.276

VIÐAUKI VIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

Sóknaráætlun 2022

Tekjur

Framlög ráðuneyta	87.967.500
Framlög sveitarfélaga	12.532.500
Samtals	100.500.000

Gjöld

Uppbyggingarsjóður	60.000.000
Áhersluverkefni	28.500.000
Umsjón SSV	12.000.000
Samtals	100.500.000

Greinargerð

Framlag ríkissjóðs: áætlað að framlagið lækki um 1 m.kr. vegna sparnaðarkröfu stjórnvalda.

Framlag sveitarfélaga: framlag sveitarfélaga á Vesturlandi er áætlað 750 kr. per íbúa og heildartala því áætluð kr. 12.532.500

Uppbyggingarsjóður: lagt er til að sjóðurinn úthluti 60 m.kr. á árinu 2022.

Áhersluverkefni: lagt er til 28.500.000 verði varið til áhersluverkefna en verkefni verða ákveðin af stjórn og samráðsvettvangi sóknaráætlunar.

Umsjón: Kostnaður við umsjón verður 12 mkr. samkvæmt samningi.

FRAMLAG TIL SÓKNARÁÆTLUNAR 2022

Sveitarfélag	Fjöldi	Upphæð
Akaneskaupstaður	7.697	5.772.750
Skorradalshreppur	66	49.500
Hvalfjarðarsveit	647	485.250
Borgarbyggð	3.758	2.818.500
Grundarfjarðarbær	862	646.500
Helgafellssveit	66	49.500
Stykkishólmurbær	1.196	897.000
Eyja- og Miklaholtshreppur	119	89.250
Snæfellsbær	1.679	1.259.250
Dalabyggð	620	465.000
Samtals	16.710	12.532.500

Framlag til sóknaráætlunar er 750 kr. per íbúa.

STARFSÁÆTLUN 2022

Starfsáætlun SSV 2022

Haustþing 2021
Árblik - Dalabyggð



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfjarðar í suðri. Frá Snæfellsnesi í vestri og upp á Langjökul í austri. Á svæðinu búa 16.710 manns (1. janúar 2021) sem skiptast niður á 10 sveitarfélög. Öll sveitarfélögin 10 eru aðilar að Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Samtökin voru stofnuð árið 1969.



16.710 íbúar



10 sveitarfélög



Lög og markmið

- Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga. Í 97 gr. segir að sveitarfélögunum sé heimilt að hafa með sér landshlutasamtök sem vinni að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir sveitarfélögin. Jafnframt er kveðið á um í lagagreininni að ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir skulu leita umsagnar hjá landshlutasamtökunum við ákvarðanir eða stefnumótun sem varði landshlutann sérstaklega. Loks er kveðið á um að landshlutasamtök geti með samningum eða samkvæmt ákvæðum í sérlægum tekið að sér verkefni eða aðra starfssemi sem tengist hlutverki þeirra.
- Þá er landshlutasamtaka sveitarfélaga getið í lögum um byggðaaáætlun nr.69/2015, en í 4.gr. kveðið á um hlutverk landshlutasamtaka varðandi vinnu og framkvæmd sóknaráætlunar.
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) starfa því annars vegar með hliðsjón af áðurnefndum lagaákvæðum og hins vegar í samræmi við sérlæg samtakana eins og þau voru samþykkt á aðalfundi 2014 og með breytingum á 6. gr. á Haustþingi 2017 og breytingum á 7 gr. á aðalfundi 2020.


Í lögum SSV kemur fram að markmið samtakanna eru:

- Að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að viðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð.
- Kynna kosti Vesturlands, efla samkennd íbúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans



Samningar um verkefni sem SSV vinnur að

- Með samningi við Byggðastofnun hefur SSV tekið að sér atvinnuráðgjöf og ýmis byggðapróunar verkefni á Vesturlandi. Nýr samningur var undirritaður í upphafi árs 2018 og gildir hann til ársloka 2022.
- Með þjónustusamningi við stjórn Sorpurðunar Vesturlands sér SSV um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum.
- Áfangastaðaáætlun Vesturlands og verkefni henni tengdri. Samningur við Ferðamálastofu.
- Samningur um framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands sem SSV er lögum samkvæmt falið að vinna að.



Stjórn og starfsfólk

- Í stjórn SSV eru 12 fulltrúar
- Öll sveitarfélögin 10 eiga fulltrúa í stjórn, en tvö fjölmennustu sveitarfélögin Akraneskaupstaður og Borgarbyggð eiga tvo fulltrúa.
- Stjórn er kosin til tveggja ára og verður næst kosið á haustþingi 2022.
- Formaður stjórnar er Lilja B. Ágústsdóttir
- Á árinu 2021 voru 12 starfsmenn hjá SSV í um 10 stöðugildum. Ekki eru ráðgerðar breytingar á stöðugildum árið 2022. Stöðugildin eru eftirfarandi.
 - Framkvæmdastjóri SSV
 - Verkefnisstjóri fjármála, uppbyggingarsjóðs og upplýsingamála
 - Verkefnisstjóri menningar- og velferðarmála
 - Skrifstofumaður
 - Fjórir atvinnuráðgjafar
 - Þrír starfsmenn sem vinna að markaðsmálum og áfangastaðaverkefnum ferðapjónustu
 - Framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands.

Samstarf og hagsmunagæsla – áherslur 2022

- Eitt af meginverkefnum SSV er hagsmunagæsla og þátttaka í ýmskonar samstarfi. Þetta verkefni hefur mótast töluvert á undanförunum árum og verða sömu áherslur að hluta árið 2021. Fundað verður með:
 - Þingmönnum Norðvestur-kjördæmis
 - Samráðsfundir með öðrum landshlutasamtökum
 - Fundir með stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga
 - Fundir með þingnefndum og umsagnir um lagafrumvörp
 - Fundir með sveitarstjórnarfólki og ýmsum haghöfum
- Umsagnir um frumvörp og áætlanir
- Áherslur 2022
 - Loftlagsstefna sveitarfélaga á Vesturlandi.
 - Fundir með forstöðumönnum opinberra stofnanna á Vesturlandi
 - Fundir með bæjar- og sveitarstjórum sem og yfirmönnum málaflokka hjá sveitarfélögum.
 - Ráðstefna um sameiningar sveitarfélaga.
 - Átak í fræðslumálum fyrir kjörna fulltrúa á Vesturlandi

Þróunarstarf,
rannsóknir
og þjónusta

Sóknaráætlun

Menningar- og velferðarmál

Atvinnuráðgjöf

Áfangastaðurinn Vesturland



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Sóknaráætlun

Ný sóknaráætlun tók gildi árið 2020

- Stefnumótun lokið
- Uppbyggingarsjóður
- Áhersluverkefni
- Áætlum að fá 100 m.kr. til ráðstöfunar árið 2022

Áherslur árið 2022

- Uppbyggingarsjóður 60 m.kr.
- Áhersluverkefni 28 m.kr. Áætlum að vera með 6 til 8 verkefni í gangi. Ákvörðun verður tekin á fundi samráðsvettvangs í nóvember
- Efla kynningu á Sóknaráætlun



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Menninga- og velferðasvið

Verkefnisstjóri menninga- og velferðarmála starfar í 100% stöðugildi.

Tillaga að nýrri menningarstefna lögð fram á Haustþingi 2021. Stefnt er að kynningu hennar og innleiðingu árið 2022.

Ungmennaráð Vesturlands tók til starfa árið 2020 og Ungmennaping fer fram í októberlok 2021. Áfram verði unnið að eflingu starfsins

Áherslur 2022

- Áhersluverkefni um blómstrandi menningu
- Áhersluverkefni um eflingu öldrunarþjónustu, velferð barna og ungmenna og aðgengi innflytjenda að vinnumarkaði verða áfram í gangi 2022
- Barnamenningarhátíð á Snæfellsnesi
- Námskeiðahalda fyrir frumkvöðla og félagasamtök í menningarstarfi
- Kynningarátak í að ráða starfsfólk með skerta starfsgetu





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Atvinnu- og byggðaðróunarsvið

Samningur við Byggðastofnun

- Stuðla að jákvæðri atvinnu- og byggðaðróun í samræmi við stefnu ríkisins.
- Ráðgjöf við fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög.
- Stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.
- Vinna að greiningu og eflingu búsetukosta í sveitarfélögum.
- Upplýsingaöflun og -miðlun

Áherslur 2022

- Ýta úr vör starfsemi Nýsköpunarnets Vesturlands
- Vinna að gerð sviðsmyndagreiningar um verndun Breiðafjarðar með umhverfisráðuneyti, Breiðafjarðarnefnd og fleiri haghöfum, styrkur úr byggðaaáætlun
- Úrvinnsla og kynning á niðurstöðu fyrirtækjakönnunar á Vesturlandi.
- Móta samstarf við Háskólann á Bifröst um rannsóknir í byggða- og sveitarstjórnarmálum í samræmi við nýjan samning.
- Vinna að nýjum áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Áfangastaða- og markaðssvið

Aukið samráð, breytt skipulag

- Stofna ferðamálaráð Vesturlands, efla samstarf við áfangastaðafulltrúa
- Efla samstarf við fyrirtæki í ferðapjónustu og sveitarfélögin
- Samstarf við Ferðamálastofu, Íslandsstofu og áfangastaða- og markaðsstofur annarra landshluta (MAS)
- Aukið samstarf við ýmsa aðra hagsmunaaðila s.s. SAF
- Reglubundin viðvera á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi

Bæta verkferla og innra starf sviðsins.

Efla kynningu á starfsemi áfangastaða- og markaðssviðs SSV.



Áfangastaða- og markaðssvið

Áhersluverkefni áfangastaða - Áfangastaðaáætlun

- Saman í blíðu og stríðu, efla samstarf og samvinnu
- Ferðaleiðir á Vesturlandi, þróa ferðaleiðir um allan landshlutann
- Útivistarparadísir, útivistarleiðir og áningastaðir
- Viðburðir á Vesturlandi, samstarf um viðburðahald
- Matarauður Vesturlands
- Myndabanki og ljósmyndir

Áhersluverkefni í markaðsmálum

- Vesturland á veraldarvefnum, markaðssetning á netmiðlum
- Upplifðu Vesturland, nýtt markaðstæki sem verið er að efla
- Markaðs- og kynningarefni, nýjar útgáfur korta
- Vesturland á ferðasýningum
- Aukið samstarf um markaðssetningu



➤ Samgöngumál og innviðir – samþykkt ályktun

Haustþing SSV, haldið 29. september 2021, leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál og fjarskipti, sem byggja m.a. á tillögu að Samgöngu- og innviðaaætlun Vesturlands 2021-2029:

Vegamál

Haustþing SSV fagnar því að vinna við tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi er komin vel á veg. Afar brýnt er að framkvæmdaáætlun standist og tvöföldun verði lokið árið 2023. Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að ljúka veghönnun og allri undirbúningsvinnu við tvöföldun vegar frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes þannig að framkvæmdir geti hafist eigi síðar en árið 2025 líkt og kveðið er á um í samgönguáætlun stjórnvalda.

Sundabraut mun bæta umferð til og frá höfuðborginni og auka umferðar- og almannaoöryggi til mikilla muna. Haustþing SSV 2021 fagnar þeirri vinnu sem Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa lagt í vegna Sundabrautar. Afar brýnt er því að nýta heimild í lögum um að Sundabraut verði samvinnuverkefni og unnið verði í samræmi við yfirlýsingu samgönguráðherra og borgarstjóra um að framkvæmdir hefjist eigi síðar en 2026. Mikilvægi Sundabrautar fyrir Vesturland og aðra landshluta er gríðarlega mikið og sennilega sú samgöngubót sem mest áhrif hefði á byggðapróun á Vesturlandi sem heild.

Samhliða öðrum framkvæmdum við Vesturlandsveg er ljóst að fara þarf í tvöföldun Hvalfjarðarganga á næstu árum þegar hámarki umferðar um göngin skv. reglugerð verður náð. Ríkissjóður verður tímanlega að hafa frumkvæði að nauðsynlegum undirbúningi og framkvæmd verkefnisins. Brýnt er að Vegagerðin leggi fram sem fyrst tillögur sínar að legu nýrra ganga og áætlun um undirbúning verkefnisins.

Snæfellsnesvegur númer 54 um Skógarströnd er eini stofnvegur Vesturlands án bundins slitlags og sá lengsti án bundins slitlags á láglandi landsins alls. Sem stofnvegur er vegurinn hluti af grunnneti skv. samgönguáætlun. Vegurinn ætti því að vera í forgangi við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun. Skógarstrandarvegur, með þverun Álftafjarðar, er forsenda fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga við Breiðafjörð og góðri tengingu Snæfellsness, Dala, Vestfjarða og Norðurlands. Undanfarin fjögur ár hafa verið gerðar minniháttar lagfæringar á veginum um Skógarströnd. Á árunum 2021 og 2022 er gert ráð fyrir að komi um 1100 m.kr. í veginn. Haustþing SSV 2021 skorar á stjórnvöld að halda áfram að veita fjármagni til framkvæmda allt fyrsta tímabil núgildandi samgönguáætlunar þannig að fjármagni verði veitt til vegarins árin 2023 og 2024.

Það er óviðunandi að áframhaldandi framkvæmdum við Uxahryggjaveg verði frestað til ársins 2025. Haustþing SSV 2021 skorar á stjórnvöld að hefja að nýju framkvæmdir við verkefnið. Framkvæmdin mun m.a. tengja saman atvinnusvæði á Suðurlandi og Vesturlandi og búa til verðmæt tækifæri í ferðaþjónustu.

Þá er afar brýnt að vegurinn um Laxárdalsheiði verði endurskilgreindur og hann verði settur sem sérstök framkvæmd á samgönguáætlun og tekinn úr flokki tengivega. Mikilvægt er að ljúka lagningu bundins slitlags á veginn eigi síðar en árið 2023 enda er hann mikilvæg tenging á milli Vesturlands og Vestfjarðar annars vegar og Norðurlands hins vegar.

Haustþing SSV fagnar auknum fjárveitingum til tengivega á Vesturlandi á árunum 2020 og 2021 og að baráttumál SSV um tvöföldun fjárveitinga til tengivega hafi gengið eftir. Mikilvægt er að Vegagerðin forgangsraði framkvæmdum við tengivegi í samvinnu við SSV og m.t.t. umferðar, öryggis, nauðsynlegrar þjónustu og samfélagslegra þátta eins og t.d. skólaaksturs, atvinnusóknar o.fl. Tillaga að forgangsroðun kemur fram í nýrri samgönguáætlun Vesturlands. Brýnt er að auknu fjármagni verði veitt til tengivega og farið verði í sérstakt átak í að leggja bundið slitlag á þessa vegi sem tengja saman dreifbýli og þéttbýli.

Mikilvægt er að nú þegar verði farið í viðhaldsverkefni við Þjóðveg 54 á Snæfellsnesi. Ástand Þjóðveg 54, frá Borgarnesi, um Mýrar og vestur eftir Snæfellsnesi, er mjög bágborið. Sig og frostsKemmdir hafa gert veginn ósléttan yfirferðar, vegkantar eru víða brotnir og hafa gefið eftir á löngum köflum og vestan Vegamáta er vegurinn of mjór. Á kafla vestan þéttbýlis Grundarfjarðar eru vegkantar einnig lélegir og þarfnast styrkingar. Sama á við um Þjóðveg 56 um Vatnaleið og Þjóðveg 58, Stykkishólmsveg. Sömuleiðis er mjög brýnt að fara í viðhald á Vestfjarðavegi í mið-Döllum. Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að auka framlög til Vegagerðarinnar, ekki síst til almenns viðhalds. Þó nýjar vegaframkvæmdir séu af hinu góða, þá má ekki gleymast að sinna viðhaldi eldri vega þannig að sú fjárfesting skili arðsemi, geti þjónað hlutverki sínu og öryggi vegfarenda sé tryggt. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til vetrarþjónustu.

Ljóst er, að gera þarf nauðsynlegar öryggisúrbætur á gatnamótum tengivega og Þjóðveg 1 og ljúka þeim sem fyrst. Þá er mikilvægt að fjölga útskotum á fjölförnum vegum, tryggja að góðar girðingar séu meðfram þeim og ráðast í öryggisaðgerðir á stöðum þar sem stórvíðri eru algeng. Nú þegar þarf að hefjast handa við að tvöfalda einbreiðar brýr á Vestfjarðavegi í Dalabyggð til að tryggja umferðaröryggi. Einnig er vakin á því athygli að skilgreining tiltekinna vega þarfnast endurskoðunar m.t.t. bæði umferðaröryggis og breytts hlutverks vegna aukinnar umferðar ferðamanna og vöruflutningabíla allt árið t.d. hjáleiðir eins og vegur um Geldingadruga.

Haustþing SSV fagnar nýjum lögum um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir. Gjaldtöku skal hins vegar stillt í hóf gagnvart þeim sem eru reglulega á förum þar sem veggjald er lagt á, komið til móts við þau sem sækja atvinnu eða nám og þurfa að nýta viðkomandi mannvirki og að jafnræði sé gætt í hvívetna.

Almenningssamgöngur

Breiðafjarðarferjan Baldur er í lykilhlutverki varðandi samgöngur við Breiðafjörðinn. Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er mikilvæg fyrir atvinnulíf og samgöngur á milli Vestfjarða og Vesturlands. Þrátt fyrir endurbætur á vegakerfinu á sunnanverðum Vestfjörðum er mikilvægt að reksturs Baldurs verði ekki hætt. Nauðsynlegt er að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og hefji siglingar eins fljótt og verð má, enda sýndi það sig síðastliðinn vetur að litlu mátti muna að illa færi þegar núverandi ferja varð vélavana á miðjum firðinum. Núverandi samningur ríkisins um rekstur ferjunnar er í gildi fram til vors 2022 með heimild til árs framlengingar. Því er brýnt að stjórnvöld nýti tækifærið nú þegar og skipuleggi ferjusiglingar um Breiðafjörð m.t.t. breyttra aðstæðna í atvinnulífinu, öryggis og stefnu stjórnvalda í orkuskiptum.

Farþegaferja var í rekstri á milli Akraness og Reykjavíkur sumarið 2017 og að margra mati góð viðbót fyrir þá Skagamenn sem stunda vinnu í miðbæ Reykjavíkur og ferðamenn sem vildu fara þarna á milli, einkum m.t.t. þess álags sem orðið er á Vesturlandsvegi og stöðugt takmarkaðra aðgengis bíla að miðbæ Reykjavíkur. Haustþing skorar ríkið á að veita fjármagni til reksturs slíkrar ferju og gefa verkefninu meira svigrúm til undirbúnings og reynslu.

Almenningssamgöngur með „landsbyggðarstrætó“ eru mjög mikilvægar fyrir Vesturland. Brýnt er að núverandi leiðakerfi verði styrkt enn frekar á næstu árum. Haustþing SSV telur mikilvægt að Vegagerðin eigi gott samstarf við landshlutasamtökin um skipulag leiðakerfis og gerð sumar- og vetraráætlana. Haustþing SSV fagnar framlagi byggðaaætlunar til tilraunaverkefnis í Borgarfirði um samþættingu skóla- og tómsundaaksturs annars vegar og almenningssamgangna hins vegar. Einnig var mikilvægt að fá framlag úr byggðaaætlun til vinnu við úttekt á möguleikum þess að búa til heildstætt kerfi almenningssamgangna á Snæfellsnesi.

Fundurinn vill einnig hvetja til að leitað verði allra leiða til hagræðingar í póstdreifingu eins og t.d. að póstur og fólksflutningar verði sameinaðir.

Hafnamál

Haustþing SSV 2021 áréttar að samgönguáætlun geri ráð fyrir framlagi til þeirra verkefna í hafnamálum sem eru áætluð á næstu árum á Vesturlandi. Þar eru m.a. verkefni í höfnum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar. Í samgönguáætlun Vesturlands eru tiltekin þau verkefni sem óskir eru um að farið verði í á næstu árum. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við landfyllingu og breikkun aðalhafnargarðs á Akranesi og nauðsynlegt er að samgönguyfirvöld komi að því verkefni til þess að efla aftur stöðu fiskvinnslu og útgerðar frá Akranesi. Skarðsstöð í Dalabyggð gegnir hlutverki fyrir smábáta og nauðsynlegt er að endurbæta aðstöðu þar. Þá er lögð áhersla á að haldið verði áfram af krafti við úrlausn verkefna á sviði sjóvarna á Vesturlandi.

Flugvellir

Mikilvægt er að gert verði ráð fyrir viðhaldi á landingarstöðum á Vesturlandi. Endurbæta verður slitlag á Stóra Kroppi. Mikilvægt er að landingarstaðurinn á Rifi verði endurbættur þannig að hann geti gegnt hlutverki sínu í neyðartilfellum. Lögð er rík áhersla á að þylum verði áfram tryggt eldsneyti á flugvöllum á Rifi, enda gegnir flugvöllurinn mikilvægu öryggishlutverki í því efni. Haustþing ályktar einnig að Kárastaðafflugvöllur, Stóri-Kroppur og Húsafell, ásamt landingarstöðum í Dölum og á Snæfellsnesi, verði nýttir til kennslu- og æfingaflugs.

Fjarskiptamál

Háhraða nettengingar eru einn mikilvægasti hlekkurinn í samskiptum, þ.m.t. viðskiptaháttum nútímans, og hluti af grunngerð samfélagsins. Þær eru ein af meginforsendum ákvörðunar um búsetu og úrslitaatriði um þróun byggðar. Samkeppnishæfni svæða og íbúabyggða má því, ásamt annarri grunngerð, mæla út frá ástandi fjarskipta. Haustþing SSV 2021 skorar á stjórnvöld að skapa þau skilyrði, að ljósleiðaravæðing á minni þéttbýlisstöðum gangi hraðar fyrir sig, þannig að sami árangur náist í því verkefni og við ljósleiðaravæðingu í dreifbýli sem hefur heppnast afar vel.

Nauðsynlegt er að ráðin verði bót á lélegu farsímasambandi og dreifikerfi almannaútvarps á afmörkuðum svæðum við Þjóðveg 1, í dreifbýli og á vinsælum útivistarsvæðum á Vesturlandi af öryggisástæðum.

Vesturland er ákjósanlegur staður fyrir tengingu á háhraðafjarskiptastreng við útlönd enda utan skilgreindra hamfarasvæða. Í því felast miklir möguleikar í uppbyggingu gagnavera og gagnavinnslu á Vesturlandi.

Orkumál

Haustþing SSV 2021 fagnar því að hafinn er undirbúningur að lagning Holtavörðuheiðarlínu 1, frá Brennimeil í Hrutatungu, enda er hún mikilvægur hlekkur í endurnýjun á núverandi byggðalínu. Línun, 220 kV raflína, verður hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Meginmarkmið með byggingu hennar er að auka afhendingaröryggi og afhendingargetu á landinu og tryggja að flutningskerfið standi ekki í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu og eðlilegri þróun byggða á landinu. Mikilvægt er að framkvæmdir við stofnlínu hefjist sem fyrst.

Nauðsynlegt er að endurnýja svæðisstofnlínuna á Snæfellsnesi, frá Vatnshömrum í Vegamót, en hún er tæplega 50 ára gömul og 62 km löng. Auka þarf flutningsgetu línunnar með spennuhækkun í 132 KV. Það leysir spennuvandamál, bætir afhendingaröryggi og aðgengi að raforku sem í dag er ábótavant. Þá er afar

brýnt að leggja 132 kV stofnlínu frá Glerárskógum í Dalabyggð í Vogaskeið á Snæfellsnesi. Þessi lína myndi skapa hringtengingu (N-1) á Snæfellsnesi og auka verulega afhendingaröryggi rafmagns þar og í Dalabyggð.

Mikilvægt er að endurnýja stofnlínuna frá Hrútatungu í Glerárskóga til að tryggja aukið afhendingaröryggi, auk þess að efla svæðislínuna á Akranes þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir við orkusækin fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Mjög mikilvægt er að byggja upp varaafli á Vesturlandi á meðan afhendingaröryggi er ekki nægjanlegt. Þetta á sérstaklega við í Dölum og á Snæfellsnesi.

Vinna þarf áfram að endurnýjun loftlínukerfis með jarðstrengjum í dreifbýli á Vesturlandi til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns. Þá er nauðsynlegt að flýta framkvæmdum við þrífösun á rafmagni í dreifbýli til að þessa styðja við byggðapróun og stuðla að því að landbúnaðar náði að þróast í takt við tímann og ferðaþjónusta geti eflist í dreifbýli.

➤ Opinber þjónusta og menning – samþykkt ályktun

Haustþing SSV, haldið 29. september 2021, leggur fram eftirfarandi ályktanir um opinbera þjónustu og menningu:

Opinber þjónusta - málefni sveitarfélaga, fjármál og samskipti við ríkið

Opinber þjónusta sem veitt er af sveitarfélögum og ríki hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Til að standa undir þeim verkefnum sem sveitarfélögum eru falin að lögum þarf að tryggja þeim nauðsynlega tekjustofna sem þurfa að vera fjölbreyttir, stöðugir og gagnsæir. Á undanförunum árum hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem ýmis verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að kostnaðarleg áhrif þeirra hafi að fullu verið metin og fullnægjandi fjármagn fylgt þeim.

Haustþing SSV gerir þá kröfu að ráðuneyti og Alþingi geri það að forgangsverkefni að fækka „gráum svæðum“ í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Haustþing SSV leggur áherslu á að við endurskoðun sveitarstjórnarlaga verði lögfest að óheimilt verði að fela sveitarfélögum verkefni eða leggja á þau auknar skyldur nema þau hafi verið kostnaðarmetin og fjármögnun þeirra að fullu tryggð.

Opinber störf á vegum ríkisins og störf án staðsetningar

Opinber störf á Vesturlandi

Í Hagvísí SSV sem kom út í byrjun árs 2020 kemur fram að hlutfallslega eru hvergi færri opinber störf á vegum ríkisins en á Vesturlandi ef borið er saman við aðra landshluta þegar horft er til talna á árunum 2013-2018.

Í ágúst sl. kom út skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og forsætisráðuneytisins, „Störf án staðsetningar - Staða og framtíðarhorfur“. Þar kemur fram að á árinu 2019 fjölgaði stöðugildum hjá ríkinu nettó um 199 á landsvísu. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 222 stöðugildi, en annars staðar á landinu fækkaði samanlagt stöðugildum.

Haustþing SSV skorar á ríkisstjórnina að fjölga opinberum störfum á Vesturlandi. Með því mætti efla landshlutann, styrkja vinnumarkaðinn, hagræða í opinberum rekstri, skapa meira jafnvægi á milli landshlutanna og vega upp þann ójöfnuð sem hefur orðið við fækkun opinberra starfa á Vesturlandi undanfarin ár.

Störf án staðsetningar

Mikil tækifæri felast í því fyrir samfélög og íbúa á landsbyggðinni að nýta tiltæka tækni, innviði og aðstöðu til að vinna störf í fjarvinnu, óháð staðsetningu. Jafnframt getur verið í því fólgin mikill ávinningur fyrir viðkomandi stofnanir og vinnustaði.

Í stjórnarsáttmála fráfarandi ríkisstjórnar segir: „Ráðuneytum og stofnunum verður falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er“. Þetta markmið er skilgreint frekar í núgildandi byggðaaáætlun og þar sett það markmið að árið 2024 verði 10% starfa á vegum ráðuneyta og stofnana auglýst án staðsetningar. Í nýlegri skýrslu um störf án staðsetningar hafa ráðuneyti og stofnanir ríkisins

skilgreint þau störf sem talið er unnt að vinna án tiltekinnar staðsetningar, auk þess sem framvindu samkvæmt markmiðinu er lýst. Því miður virðist vera langt í land með að sett markmið náist.

Haustþing SSV telur mikilvægt að ríkisstofnanir og ráðuneyti fylgi af einurð eftir framangreindum markmiðum. Mikilvæg forsenda sé að skráning og utan umhald sé með þeim hætti að hægt sé að mæla og meta hvort markmiðin náist. Enn fremur er mikilvægt að ráðherrar og forstöðumenn ríkisstofnana greiði fyrir því að starfsmenn geti flutt starf sitt með sér og unnið án tillits til staðsetningar. Haustþing SSV hvetur jafnframt einkageirann til að nýta tækifæri í störfum án staðsetningar og byggja upp starfsstöðvar og fjölga störfum án staðsetningar í takt við markmið stjórnvalda í byggðamálum. Með aukinni tækni og bættum innviðum er landið eitt atvinnusvæði og á landsbyggðinni er mikill mannauður.

Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Á þessu ári lögfesti Alþingi breytingu á sveitarstjórnarlögum sem miðar að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags verði ekki undir 1.000. Lagabreytingarnar eru í samræmi við stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023. Markmið breytingarinnar er að auka sjálfstjórn og sjálfbærni sveitarfélaga og efla sveitarstjórnarstigið. Ef íbúafjöldi í sveitarfélagi er undir 1.000 íbúa markinu við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, innan árs frá þeim, hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög. Komið hefur fram að skiptar skoðanir eru á meðal sveitarfélaga á Vesturlandi um þennan þátt stefnunnar sem snýr að lágmarksfjölda íbúa.

Dalabyggð hefur farið í valkostagreiningu um mögulega sameiningu við nágretta sína og vinnur úr niðurstöðum hennar. Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur eru nú í formlegum sameiningarviðræðum sem miða að því að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna tveggja snemma á næsta ári. Búast má við að nokkur hreyfing komi á sameiningamál í kringum næstu sveitarstjórnarkosningar til samræmis við nýgerðar breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Haustþing SSV felur stjórn SSV að standa fyrir áframhaldandi umræðu um sameiningu sveitarfélaga og styður áform stjórnar um að standa fyrir ráðstefnu um sameiningu sveitarfélaga sem frestað var vegna heimsfaraldurs.

Framhalds- og háskólar

Á Vesturlandi eru öflugar menntastofnanir sem gegna lykilhlutverki við uppbyggingu búsetu á svæðinu. Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja að menntastofnanir á Vesturlandi njóti stuðnings til að halda úti starfsemi sem byggir á sérstöðu hverrar stofnunar og njóti til þess sjálfstæðis.

Haustþing SSV fagnar því að tekist hefur með samstilltum aðgerðum að auka áhuga á iðnnámi og hvetur menntamálaráðherra og fjármálaráðherra til að tryggja fjármuni svo mæta megi þessari auknu aðsókn. Meðal annars þarf að fjölga menntuðum kennurum, tryggja verknámsskólum aðstöðu og tækjabúnað og ekki síst fjölga tækifærum til starfsmenntunar ófaglærðs starfsfólks og til iðnmenntunar á landsbyggðinni.

Tækifæri til fjarnáms á háskólastigi

Þegar heimsfaraldur Covid-19 skall á gripu margar menntastofnanir til þess að streyma námskeiðum sínum til nemenda. Þannig skapaðist tækifæri til að efla nám og tækifæri íbúa í dreifðari byggðum til náms. Haustþing SSV hrósar þeim háskólum sem brugðust hratt við þörfum nemenda með því að færa kennslu og þjónustu á netið.

Haustþing SSV hvetur Alþingi og fjárveitingavald, mennta- og fjármálaráðherra, til að skapa fjárhagslega hvata og veita í auknum mæli fjármagni til þeirra skóla sem bjóða opið og aðgengilegt nám á háskólastigi. Með því móti má nýta þann meðbyr sem nú gefst og ýta undir að háskólanám verði opið og aðgengilegt, landsbyggð og landsmönnum öllum til hagsbóta.

Menntasjóður námsmanna

Fram hefur komið að lánveitingar Menntasjóðs til námsmanna (áður LÍN) hafa dregist mikið saman. Staðan er þannig að í dag eru lántakar frekar námsmenn af landsbyggðinni sem ekki geta dvalið í foreldrahúsum á námstíma. Ungmennaráð Vesturlands hefur lýst því að mun kostnaðarsamara er fyrir nemendur af landsbyggðinni að stunda framhalds- og háskólanám. Í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023, kafla um sjálfbæra þróun byggðar um allt land, lið C.3. Stuðningur við einstaklinga – námslán, er að finna verkefnismarkmið um að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að leita leiða til að jafna aðstöðumun námsmanna, t.d. með búsetustyrkjum. Enn fremur hvetur haustþing SSV mennta- og menningarmálaráðherra til að nýta heimild í 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020, til að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á svæðum skilgreindum í samráði við Byggðastofnun og hvetur fjárveitingavald og fjármálaráðherra til að tryggja að slíkar ráðstafanir séu gerlegar.

Málefni fatlaðra

Með lögum nr. 38/2018 voru felld niður skilyrði um að 8000 íbúar standi að baki hverju þjónustusvæði. Breyting á þjónustusvæðum hefur að mörgu leyti einfaldað fyrirkomulag og stjórnun málaflokksins. Eftir sem áður er mikilvægt að sveitarfélögin eigi með sér gott samstarf um þjónustu við fatlað fólk.

Haustþing SSV telur að skilyrðislaust þurfi að tryggja viðbótarframlög ríkisins, í fjárlögum 2022 og í fjármálaáætlun fyrir árin þar á eftir, svo ekki þurfi að koma til þess að þjónusta við fatlað fólk verði skert. Það á ekki hvað síst við í þeim tilvikum þegar einstaklingar þurfa mikla og fjölbætta þjónustu. Mikil útgjaldaaukning hefur orðið hjá sveitarfélögum til þjónustu við fatlað fólk, sem skýrist einkum af kostnaðaráhrifum af nýjum kröfum í lögum og reglugerðum og aukinni réttindavitund þjónustuþega og aðstandenda þeirra.

Haustþing SSV bindur vonir við að yfirstandandi úttekt Ríkisendurskoðunar leiði til vandaðs samtals á milli ríkis og sveitarfélaga og þar af leiðandi til nauðsynlegra úrbóta í fjármögnun málaflokksins. Haustþing SSV telur einnig brýnt að hugað verði sérstaklega að auknum atvinnutækifærum fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu.

Heilbrigðisþjónusta og málefni aldraðra

Góð heilbrigðisþjónusta er mikilvæg forsenda fyrir búsetu á Vesturlandi. Brýnt er að áfram verði unnið að því að efla starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og annarra heilbrigðis- og öldrunarstofnana í landshlutanum.

Búseta aldraðra og samþætt þjónusta

Rekstur hjúkrunar- og dvalarheimila er mjög þungur og sveitarfélög þurfa iðulega að leggja fjármagn til reksturs heimilanna þó málaflökurinn sé alfarið á ábyrgð ríkisvaldsins. Í nýrri skýrslu sem unnin var af verkefnisstjórn undir forystu dr. Gylfa Magnússonar, skipaðri af heilbrigðisráðherra til að greina rekstur hjúkrunarheimila, kemur skýrt fram að reksturinn hefur verið van fjármagnaður undanfarnin ár. Fram kemur að hallinn á árinu 2019 var 2,7 milljarðar króna þegar ekki er horft til beinnar þátttöku sveitarfélaganna. Í frekari greiningu sem unnið er að, út frá skýrslunni, hefur komið í ljós að hallinn er umtalsvert meiri. Í skýrslunni segir jafnframt að á árunum 2017-2019 hafi 87% heimila verið rekin með halla. Það er því ljóst að í óefni stefnir með rekstur heimilanna, ekki síst þegar fyrir liggur að nýir kjarasamningar og stytting vinnuvikunnar muni gera reksturinn enn þyngri. Ljóst er að endur útreikningur dvalargjalda mun með engu móti ná upp í þann kostnað sem fellur til vegna styttingar vinnuvikunnar og nýrra kjarasamninga. Nauðsynlegt er því að grípa til frekari aðgerða til að leiðrétta stöðu heimilanna, því sá milljarður sem veittur var inn í rekstur hjúkrunarheimila mun með engu móti nægja til að rétta við rekstur þeirra.

Þess vegna skorar haustþing SSV á heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að ráðast nú þegar í aðgerðir til að leiðrétta stöðu hjúkrunarheimila. Ellegar er hætta á því að rekstraraðilar sjái sér ekki annan kost en að skila rekstri heimilanna til ríkisins.

Þegar þeirri leiðréttingu er lokið er brýnt að taka upp viðræður um framtíðarfyrirkomulag þjónustu við aldraða þar sem horft verði til tækifæra á lengri búsetu í eigin húsnæði, til samspils heimahjúkrunar og heimaþjónustu og á sveigjanlega dagdvöl fyrir eldra fólk, sbr. umræðu á Heilbrigðisþingi sem haldið var í lok ágúst sl. að tilstuðlan heilbrigðisráðuneytis.

Innheimtu kostnaðarhlutdeildar verði létt af dvalar- og hjúkrunarheimilum

Samkvæmt reglum Sjúkratrygginga þurfa sumir af íbúum á hjúkrunar- og dvalarheimilum að taka þátt í dvalarkostnaði sínum á viðkomandi heimili og sá háttur hefur verið hafður á að hjúkrunarheimilunum hefur verið gert að innheimta umrædda kostnaðarhlutdeild af heimilisfólki sínu. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að aflétta þessu innheimtuhlutverki af hjúkrunar- og dvalarheimilum og koma þessu verkefni fyrir innan þess kerfis sem Skatturinn hefur þróað svo vel á undanförunum árum.

Eldra fólk fer hratt fjölgandi á Íslandi og mikilvægt er að leita allra leiða til að hægt sé að tryggja góða heilbrigðisþjónustu fyrir þann hóp á víðum grunni, m.t.t. forvarna og annarra þátta sem og í samstarfi við félagasamtök líkt og Alzheimersamtökin sem staðið hafa fyrir fræðslu til aðstandenda þeirra sem fást við heilabilun. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag mun ekki duga þegar fram í sækir og nauðsynlegt er að huga að nýjum lausnum í samstarfi þeirra sem skyldum gegna við þá sem aldraðir teljast.

Í Velferðarstefnu Vesturlands er kveðið á um að ráðist verði í að auka samstarf og samþætta þjónustu við eldri borgara.

Skipaður hefur verið vinnuhópur sem í sitja fulltrúar frá sveitarfélögum, HVE og hjúkrunar- og dvalarheimilum á Vesturlandi. Vinnuhópurinn á að leita leiða til að bregðast við þeirri þróun sem fylgja mun breytingum á aldurssamsetningu fólks í landshlutanum. Ljóst er að mikil tækifæri eru til staðar og verður fróðlegt að sjá tillögur hópsins sem vonandi munu liggja fyrir í kringum næstu áramót.

Búnaður heilbrigðisstofnana

Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að tryggja nægar fjárveitingar til tækjakaupa HVE með viðbótarfjárveitingum líkt og undanfarin ár til að unnt verði að halda áfram endurnýjun og eflingu á mikilvægum tækjabúnaði. Einnig er mikilvægt að klára endurnýjun sem hafin er á sjúkrabílum og huga að menntun og þjálfun sjúkraflutningamanna.

Efling heilsugæslustöðva á Vesturlandi

Heilsugæslustöðvar eru mjög mikilvægar í öllum byggðarlögum. Þær þurfa að vera vel í stakk búnar til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stórauknum fjölda ferðafólks og sumarhúsafólks sem sækir svæðið heim og þarf á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda. Haustþing SSV leggur áherslu á að starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi verði eflað þannig að þær geti áfram sinnt starfsemi sinni. Því er mikilvægt að tryggður verði stöðugleiki og samfella í viðveru lækna og annars menntaðs heilbrigðisstarfsfólks alla daga á heilsugæslustöðvum umdæmisins.

Geðheilbrigðismál

Haustþing SSV fagnar auknum fjárveitingum til geðheilbrigðismála en bendir á að mikið vantar upp á til að íbúar njóti viðunandi þjónustu. Haustþing SSV hvetur til þess að áfram verði haldið á sömu braut og starfsemin á Vesturlandi verði þróuð í samstarfi við sveitarfélögin.

Börn með fjölþættan vanda

Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja börnum með fjölþættan vanda viðunandi heilbrigðisþjónustu fjármagnaða af ríkinu.

Liðskiptasetur við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi

Haustþing SSV fagnar ákvörðun um stofnun liðskiptaseturs við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Haustþingið hvetur til þess að áfram verði skoðað hvernig nýta megi mannauð og aðstöðu og styrkja enn frekar grundvöll sjúkrahúsanna með sérhæfingu og sérverkefnum.

Fjarheilbrigðisþjónusta hjá HVE á Vesturlandi og innviðir hennar

Haustþing SSV skorar á heilbrigðisyfirvöld að nýta þau tækifæri sem liggja í tækninýjungum á sviði fjarheilbrigðisþjónustu, byggja upp og koma sem fyrst í gagnið fjölbreyttri fjarheilbrigðisþjónustu á öllum starfsstöðvum HVE á Vesturlandi. Með því mætti stíga skref til að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu, í samræmi við skyldur heilbrigðisstofnana skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1111/2020, um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Haustþing SSV hvetur jafnframt heilbrigðisráðherra, sem yfirmann heilbrigðismála í landinu, og heilbrigðisstofnanir landsins og aðrar stofnanir ráðuneytis heilbrigðismála til að nýta fyrirbyggjandi tækifæri í upplýsingatækni og stafrænum lausnum, til að koma á aukinni samvinnu, teymisvinnu og samskiptum heilbrigðisstarfsfólks, þannig að mannauðs- og sérfræðiþekking nýtist betur í þágu heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Með sama hætti megi bæta aðgengi sjúklinga að sérfræðiþjónustu og annarri heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Haustþing SSV hvetur heilbrigðisyfirvöld til að flýta uppbyggingu innviða í þágu upplýsingatækni og hefja undirbúning að innleiðingu á tæknilausnum þannig að íbúar á Vesturlandi, sér í lagi eldra fólk, hafi tækifæri á því að komast í samband við heilbrigðisþjónustu á heimilum sínum óháð búsetu svo að markmið í stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 í þessum efnum náist.

Þjónusta við konur og fjölskyldur í barneignafæri og eftir fæðingu

Haustþing SSV leggur áherslu á að Heilbrigðisstofnun Vesturlands tryggji jafna og samfellda þjónustu fyrir konur og fjölskyldur þeirra á Vesturlandi í barneignafærinu og fyrstu vikurnar eftir fæðingu. Í því sambandi er mikilvægt að barnshafandi konur hafi ávallt jafnan aðgang að meðgönguvernd, hjá ljósmóður og heimilislækni, sem taki mið af þörfum verðandi foreldra og sé veitt í heimabyggð. Á sama hátt er mikilvægt að bjóða upp á heima vitjanir fyrstu vikurnar eftir fæðingu barns.

Haustþing SSV hvetur HVE til þess að mæta ólíkum þörfum foreldra með heimaþjónustu ljósmæðra á öllu þjónustusvæðinu. Þá bendir haustþing SSV á að tryggja þarf að foreldrafærðslunámskeið HVE séu aðgengileg foreldrum um allt Vesturland, án tillits til búsetu, til dæmis með því að hagnýta tækninýjungar og stafrænar lausnir.

Heilsuefling eldri borgara

Haustþing SSV bendir á að samkvæmt Heilbrigðisstefnu Evrópu er lögð áhersla á grunnildi sem m.a. hvetja til þess að stutt sé við heilsueflingu á öllum æviskeiðum. Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 tekur mið af þeirri áherslu, þar sem tiltekið er að heilsuefling eldra fólks eigi að vera sérstakt forgangsmál í ljósi þess hve mikill ávinningur er í því fólgin. Mörg sveitarfélög á Vesturlandi hafa staðið að heilsueflingu eldra fólks án þess að fjárhagslegur stuðningur hafi verið veittur af hálfu ríkisins til sveitarfélaga. Haustþing SSV beinir því til heilbrigðisyfirvalda að styðja við þetta mikilvæga forvarnastarf sveitarfélaganna, hvort sem er með fjárhagslegum stuðningi eða með því að heilbrigðisþjónustan, sérstaklega heilsugæslan, taki virkari þátt í þessu starfi.

Ný og breytt löggjöf um farsældarþjónustu og barnavernd

Alþingi samþykkti sl. vor ný lög um samþættingu farsældarþjónustu í þágu barna og breytingar á barnaverndarlögum sem fela í sér breytt skipulag barnaverndarmála. Þessar breytingar kalla á aukið samstarf sveitarfélaga um þessa málaflokka, sem mikilvægt er að hljóti vandaða umfjöllun og undirbúning.

Haustþing SSV felur stjórn SSV að koma á fundi með fulltrúum sveitarfélaganna á Vesturlandi þar sem rætt verði um innleiðingu þessara breytingu.

Stafrænar lausnir

Haustþing SSV 2021 skorar á stjórnvöld að setja aukið fjármagn í stafrænar lausnir í sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga. Forgangsraða þarf fjármunum í stafrænar lausnir þannig að upplýsingatækni sé nýtt til að bæta þjónustu við íbúa í verkefnum sem nú flæða á milli ríkis og sveitarfélaga. Þar má benda á stafrænar lausnir í menntamálum, í heilbrigðis- og velferðarþjónustu og almennt í málefnum barna. Með þessu má stuðla að því að börn, aldraðir og annað fólk sé ekki í vandræðum með að fá þjónustu sem nú er á milli kerfa.

Húsnæðismál

Samstarf sveitarfélaga um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni (landsdekkandi húsnæðissamvinnufélög)

Haustþing SSV hvetur sveitarstjórnir til að taka afstöðu til hugmyndar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að setja á fót húsnæðissjálfsseignarstofnun sem myndi þjóna allri

landsbyggðinni, en hugmyndin var kynnt á rafrænum kynningarfundum Sambandsins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrr í mánuðinum.

Leigufélagið Bríet

Leigufélagið Bríet var stofnað með það markmið að vinna með sveitarfélögum til að tryggja öruggt og gott leiguhúsnæði á landsbyggðinni. Haustþing SSV fagnar því að Leigufélagið hafi verið styrkt í þessu hlutverki sínu og hvetur til áframhaldandi starfsemi, til að styrkja húsnæðismarkað í byggðarlögum þar sem hann er veikur fyrir.

Haustþing SSV fagnar jafnframt ákvörðun um að flytja starfsstöð Leigufélagsins Bríetar í Borgarnes. Með flutningi félagsins skapast ný störf í Borgarnesi. Væntingar standa til að þetta marki nýtt upphaf að enn frekari flutningi verkefna og starfsemi út á land.

Löggæsla og embætti sýslumanns

Fjölgun íbúa á suðursvæði Vesturlands og dulin búseta á Vesturlandi vegna fjölda sumarhúsa og stóraukins fjölda ferðamanna kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Aukin umferð því samhliða og ástand vega kallar jafnframt á stórukna löggæslu á vegum úti. Lögreglumenn á Vesturlandi eru orðnir svo fáir á vakt á hverjum tíma að ástæða er til að hafa áhyggjur af öryggi þeirra við skyldustörf og hvort þeir hafi tök á að sinna öllum verkefnum.

Haustþing SSV skorar á Alþingi að hækka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til að hægt sé að halda úti viðunandi fjölda lögreglumanna á vakt á hverjum tíma, tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans. Enn fremur að tryggja að ný verkefni sem flytjast til embættisins séu fullfjármögðuð.

Haustþing SSV skorar jafnframt á stjórnvöld að beita sér fyrir eflingu embættis sýslumanns á Vesturlandi. Haustþing SSV leggur áherslu á að styrkja þurfi kjarnaverkefni sýslumannsembættisins og auka við innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar með það að markmiði að jafna aðstöðumun þjónustuþega og auka við góða og vandaða þjónustu sérhæfðs starfsfólks.

Jöfnun húshitunnar kostnaðar og stuðningur við orkuskipti á köldum svæðum

Haustþing SSV hvetur Alþingi til að halda áfram að jafna orkukostnað til húshitunnar, með það að markmiði að bæta lífskjör íbúa köldum svæðum. Jafnframt verði stutt við framkvæmdir sem ráðist er í til að greiða fyrir orkuskiptum og lækka orkukostnað heimila og fyrirtækja á köldum svæðum.

Menningarmál

Menningarstarf og uppbygging eftir Covid-19

Haustþing SSV telur að þær aðstæður sem uppi hafa verið vegna COVID-19 hafi bitnað mjög á menningarstarfi og skapandi störfum, bæði vegna efnahagsþrenginga og samkomutakmarkana. Afar mikilvægt er að stjórnvöld styðji vel við starfsemi sem tengist menningu, sér í lagi á landsbyggðinni. Nýsköpunargildi er mikið í skapandi greinum og þá styðja þær við aðrar starfsgreinar eins og ferðaþjónustu.



Það felast mikil tækifæri í uppbyggingu menningartengdra atvinnugreina á Vesturlandi, sem og annarsstaðar á landsbyggðinni, og geta þær greinar leikið stórt hlutverk í uppbyggingu atvinnulífs eftir Covid-19. Jafnframt er menningin mikilvæg stoð í þróun og eflingu byggðar og jafnframt er menning mikilvæg fyrir andlega lýðheilsu á tímum sem þessum.

Undanfarin ár hefur verið halli í umsóknum og úthlutunum starfslauna listamanna á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Haustþing SSV hvetur til þess að ráðist verði í átak til að jafna dreifingu styrkja, t.a.m. listamannalauna, á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Enn fremur að hvati verði myndaður til að fagfólk í listum geti unnið að verkefnum í auknum mæli á landsbyggðinni.

Menningarstefna Vesturlands

Haustþing SSV fagnar endurskoðaðri Menningarstefnu Vesturlands 2021-2024, sem hefur verið unnin af fulltrúum nær allra sveitarfélaganna á Vesturlandi auk fagaðila starfandi í menningartengdum atvinnugreinum í landshlutanum. Haustþingið hvetur sveitarstjórnir til að framfylgja ötullega markmiðum stefnunnar.

➤ Atvinnu- og umhverfismál – samþykkt ályktun

Haustþing SSV, haldið 29. september 2021, leggur fram eftirfarandi ályktanir um atvinnu- og umhverfismál:

Atvinnulíf á Vesturlandi

Atvinnulíf á Vesturlandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár. Sjávarútvegur og landbúnaður voru áður langstærstu atvinnugreinarnar, en hlutdeild þeirra er mun minni í dag en áður. Á móti kemur að stóriðnaður á Grundartanga og ferðaþjónusta hafa vaxið mjög hratt. Sama má segja um opinbera þjónusta og þjónustu almennt, sem er orðin afar mikilvæg atvinnugrein. Vissulega hefur þessi þróun verið misjöfn eftir svæðum á Vesturlandi og segja má að þróun atvinnulífs endurspeglar í íbúapróun á Vesturlandi. Það blasir við að samfélagið mun áfram ganga í gegnum miklar breytingar og því er mikilvægt að atvinnulíf á Vesturlandi geti unnið að nýjum hugmyndum og tileinkað sér hluti sem skipta máli. Klasar, sjálfbærni í iðnaði/matvælaframleiðslu, hagnýting efnis og auðlindastrauma og hringrásarhagkerfið eru allt þættir sem munu hafa áhrif á þróun í framtíðinni svo dæmi séu tekin.

Ferðaþjónusta

Á Vesturlandi hefur verið mikill vöxtur og metnaðarfull uppbygging í ferðaþjónustu, bæði mannvirki og þjónusta. Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru fjölbreytt og bjóða upp á afþreyingu, gistingu og veitingarekstur. Þetta eru lítil og stór fjölskyldufyrirtæki, rekstrarfélög og stór þjónustufyrirtæki sem starfa um allt land. Ferðaþjónusta er þannig orðin stór og mikilvægur atvinnuvegur og virkur þáttur í lífi fólks á Vesturlandi.

Vegna COVID-19, hefur orðið mikill samdráttur í ferðalögum á milli landa og ferðaþjónusta sem byggir á erlendum ferðamönnum hefur því átt erfitt uppdráttar. Aukin ferðalög Íslendinga innanlands og hröð fjölgun erlendra ferðamanna þegar létt var á ferðatakmörkunum í sumar hefur þó bjargað miklu. Vegna fyrirsjáanlegra þrenginga hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu á komandi vetri í kjölfar COVID-19 telur haustþing SSV mikilvægt að stjórnvöld hugi að framlengingu úrræða til stuðnings greininni og ferðaþjónustan geti haldið áfram að byggja upp sína starfsemi í samkeppnishæfu rekstrarumhverfi.

Einnig vill haustþingið brýna stjórnvöld til að stíga markviss skref til leiðbeiningar og einföldunar á regluverki um ferðaþjónustu, með það að leiðarljósi að starfsumgjörðin sé ekki hamlandi, íþyngjandi eða dragi úr samkeppnishæfni fyrirtækja í ferðaþjónustu á Íslandi sem starfa í samkeppnisumhverfi á heimsmarkaði.

Þetta COVID-19 tímabil hefur verið mikið álag á fólk og fyrirtæki sem eru starfandi í greininni en ferðaþjónustuaðilar eru þrautseigir og við sjáum að víða er mikill hugur í fólki að halda áfram og bæta um betur. Með stofnun Áfangastaðastofu Vesturlands þar sem unnið er að samþættum verkefnum fyrir áfangastaðinn Vesturland, hefur skapast vettvangur fyrir sveitarfélög, þjónustuaðila, aðra hagaðila og stoðþjónustu ferðamála að vinna saman að þróunarverkefnum sem og gæða- og markaðsmálum til að efla ferðaþjónustu á Vesturlandi.

Haustþing SSV lýsir yfir ánægju sinni með stofnun Áfangastaðastofu Vesturlands og hvetur bæði stjórnvöld og heimamenn til að styðja vel við þá starfsemi og nýta sér þann vettvang til að efla samstarf, auka gæði og styðja við vöxt ferðamála á Vesturlandi. Áriðandi er að Áfangastaðastofa sé í nánnum tengslum við

sveitarfélög. Auk þess hvetur haustþingið til þess að rannsóknir í ferðaþjónustu verði stórlega eflðar, greininni til framdráttar.

Matvælaframleiðsla

Heilnæmi íslenskra matvæla og hreinleiki náttúrunnar eru eftirsótt gæði í heimi sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni. Vesturland er kjörið til matvælaframleiðslu með öflugan landbúnað, útgerð og fiskvinnslu sem saman mynda góðan grunn til sóknar í matvælaframleiðslu og áherslu á aukna fullvinnslu á svæðinu til aukinnar verðmætasköpunar.

Sjávarútvegur

Á Vesturlandi eru sjávarbyggðir þar sem reknar eru litlar og stórar útgerðir, fiskvinnslur og fiskmarkaðir. Fyrirtækin mynda undirstöðuatvinnuveg viðkomandi byggða og eru leiðandi í nýsköpun og vöruþróun.

Nokkur styr hefur lengi verið í þjóðfélaginu um umgjörð sjávarútvegs á Íslandi, t.d. vegna veiðigjalda, úthlutunar aflaheimilda og samþjöppunar, sem skapar óvissu og erfiðleika fyrir þá sem starfa í þeirri atvinnugrein. Mikilvægt er því að skapa sátt og stöðugleika um starfsumhverfi sjávarútvegs þannig að atvinnugreinin geti þróast áfram á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, greitt sanngjarnt nýtingargjald af auðlindinni og eflst samfélaginu öllu til hagsbóta.

Haustþing SSV beinir því til ráðamanna að stuðla að frekari sátt um sjávarútveg og viðhalda stöðugleika.

Sveitarfélög á Vesturlandi hafa ítrekað ályktað um nauðsyn þess að núverandi fyrirkomulag hrognkelsaveiða verði endurskoðað. Taka má sem dæmi vorið 2020 þegar fyrirkomulagið var mjög óhagfellt grásleppuútgerð og vinnslu á Vesturlandi. Þar kom glögg í ljós að núverandi fyrirkomulag skapar sjómönnum og vinnslum erfið rekstrarskilyrði og skekkir samkeppnisstöðu þeirra. Því er afar brýnt að Alþingi taki hið fyrsta til umfjöllunar breytingar á fyrirkomulagi hrognkelsaveiða til þess að bæta rekstrarumhverfi sjómanna og vinnslu með langtíma hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi.

Mikilvægt er að rannsóknir á lífmassa Breiðafjarðar og Faxaflóa verði stórlega auknar, þannig að betri þekking fáiast sem er forsenda ákvarðana um sjálfbæra nýtingu hafsins á öllum sviðum.

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum sínum af íþyngjandi veiðigjöldum, sérstaklega fyrir minni útgerðir. Ljóst er að hröð samþjöppun mun eiga sér stað í atvinnugreininni verði ekki breyting á núverandi fyrirkomulagi veiðigjalda og því er hætta á að þessi grunnstoð atvinnulífs á Snæfellsnesi muni eiga erfitt uppdráttar. Jafnframt lýsir haustþing yfir áhyggjum af þróun sjávarútvegs á Vesturlandi.

Landbúnaður

Á Vesturlandi eru landbúnaðarhéruð og -svæði sem byggja á hefðbundnum fjölskyldubúskap á litlum og stórum búum, þá er úrvinnslustöð í landbúnaði meðal stærstu vinnuveitenda í Dalabyggð. Mikilvægt er að standa vörð um þessa starfsemi. Vaxandi áhugi er á heimavinnslu og sölu beint frá býli og mikilvægt er að hlúa vel að slíkum sprotum. Huga þarf að regluverki svo það hamli ekki nýsköpun og framþróun í greininni.

Fyrirsjáanleg eru mörg tækifæri í landbúnaði sem tengjast umhverfis og loftslagsmálum og miða að því að fullnusta skuldbindingar og markmið Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040.

Stöðugar umræður eru um það landbúnaðarkerfi sem við búum við í dag og deilur um það í þjóðfélaginu hafa gert starfsumhverfi landbúnaðarins óstöðugt og erfitt. Það er því mjög mikilvægt fyrir þau landsvæði sem byggja afkomu sína á þessari atvinnugrein að sátt náist um íslenskan landbúnað, þar sem landbúnaður er víða forsenda þess að byggð haldist í sveitum landsins. Landbúnaður og matvælaframleiðsla styður einnig við vörupróun vegna ferðapjónustu og er byggðafesta fyrir ýmsa byggðakjarna í dreifbýli. Haustþing SSV lýsir yfir miklum áhyggjum á mjög erfiðri stöðu sauðfjárræktar og bendir á að sauðfjárrækt er grunnatvinnuvegur á hluta Vesturlands. Má í því sambandi nefna Dalabyggð sem er svæði sem hefur verið í vörn og búið við stöðuga fækkun íbúa um langt árabil. Haustþing SSV leggur á það áherslu að í aðgerðum stjórnvalda verði hugað að erfiðri stöðu þeirra svæða sem eiga afkomu sína að stórum hluta undir sauðfjárrækt og úrræði hafi það markmið að verja þau svæði sem byggja afkomu sína á sauðfjárrækt. Auk þess hvetur haustþingið til þess að rannsóknir, nýsköpun og þróun í landbúnaði verði stórlega eflar, greininni til framdráttar.

Haustþing SSV 2021 hvetur til þess að stöðugleika í raforkukostnaði garðyrkjubænda verði aukinn, til þess að gera greinina samkeppnishæfa og stuðla að fjárfestingu, nýsköpun, og þróun í greininni. Með þessu verði hlutdeild innlendrar framleiðslu aukin sem er sérstaklega mikilvægt á COVID-19 tímum.

Iðnaður/Grundartangi

Atvinnusvæðið á Grundartanga er mikilvægt fyrir Vesturland. Við áframhaldandi þróun svæðisins er nauðsynlegt að horfa til fjölmargra tækifæra í framleiðslu og þjónustustarfsemi sem nýta sér hafnarmannvirki og þekkingarumhverfið á Grundartanga. Aukið samstarf fyrirtækja og nýsköpun er megindrifkraftur framþróunar svæðisins til að gera það enn eftirsóknarverðara fyrir nýja starfsemi með lágmarks umhverfisáhrif.

Fyrirtæki á svæðinu hafa á undanförunum árum lagt metnað sinn í að draga úr umhverfisáhrifum sínum með ýmsum ráðstöfunum, t.d. að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, n draga úr rykmengun og losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Fyrirtækin vilja skapa sátt við umhverfi sitt og samfélag og vera ábyrg í sínum rekstri.

Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að styrkja og tryggja enn frekar innviði atvinnusvæðisins á Grundartanga með tilliti til framboðs á raforku, vatni og ekki síst samgangna til og frá svæðinu og við höfuðborgarsvæðið, en það er ein mikilvægasta forsenda fyrir atvinnuuppbyggingu á Grundartanga.

Grundartangi í lykilhlutverki í loftslagsmálum og orkuskiptum

Markmið Íslands er að ná kolefnishlutleysi árið 2040 og að landið verð óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050. Vegna hagnýtingar umhverfisvænnar orku er Ísland í öfundsverðri stöðu og í raun í dauðafæri til að verða fyrst þjóða til að hætta notkun á jarðefnaeldsneyti. Framleiðsla rafeldsneytis úr endurnýjanlegum orkugjöfum er mikilvægt skref á þeirri vegferð. Þróunarfélag Grundartanga ásamt samstarfsaðilum hafa kannað fýsileika þess að framleiða rafeldsneyti á Íslandi og er Grundartangi án efa eitt heppilegasta svæði á landsins til slíkrar framleiðslu. Þar liggja einnig mikil tækifæri í nýtingu á glatvarma frá Elkem og öðrum fyrirtækjum til raforkuframleiðslu, til hitaveitu og annarra verkefna sem hagnýta varma og aðra efnisstrauma

iðnfyrirtækja á Grundartanga. Undirritaðar hafa verið viljayfirlýsingar um frekari rannsóknir á tækifærum á Grundartanga við Veitur, Carbfix, Landsvirkjun og fleiri aðila.

Haustþing SSV fagnar áherslum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum og leggur áherslu á að skýr stefna verði mótuð um hlutverk opinberra orkufyrirtækja í orkuskiptum. Þá hvetur þingið til þess að regluverk styðji við framleiðslu rafeldsneytis og skapaðir verði grænir hvatar sem hvetji til fjárfestinga í grænum lausnum.

Verkefni til eflingar svæða

Sveitarfélög, í samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök á Vesturlandi, hafa sýnt frumkvæði í að koma á fót samstarfi og verkefnum til að styrkja byggð og atvinnuuppbyggingu á grunni sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda. Sem dæmi má nefna Svæðisgarðinn Snæfellsnes.

Haustþing SSV fagnar þessum verkefnum og hvetur stjórnvöld til að styðja ríkulega við slíkt samstarf, sem miðar að því að samþætta vernd og nýtingu svæðisbundinna auðlinda.

Nýsköpun

Mikilvægi nýsköpunar í atvinnulífi hefur aldrei verið meiri en nú. Fyrirséðar eru miklar samfélagsbreytingar, innleiðing nýrrar tækni á öllum sviðum. Unnin hefur verið mikil heimavinna og grunnur að frjórri starfsemi til nýsköpunar af öllum toga verið lagður á Vesturlandi. Þar má nefna Rannsóknar og nýsköpunarsetrið Breið á Akranesi, Nýsköpunar- og þróunarsetur háskólanna á Vesturlandi og stofnun samvinnurýma- og nýsköpunarsetra á öllum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi ásamt Nýsköpunarneti Vesturlands sem tengja á saman þessar starfsstöðvar. Þetta er kjörin vettvangur til að leiða og örva nýsköpun á Vesturlandi. Að Nýsköpunarneti Vesturlands munu standa háskólar, framhaldsskólar, fyrirtæki og einstaklingar á svæðinu. Ennfremur eru starfsstöðvarnar sem er verið að stofna góður farvegur til að taka á móti störfum án staðsetningar og fjarvinnsluverkefnum af öllum toga. Atvinnuráðgjöf SSV hefur markvisst komið að stuðningi við frumkvöðla og fjármagn úr Sóknaráætlun Vesturlands hefur nýst til nýsköpunar og sem beinn stuðningur við frumkvöðla.

Mikilvægi nýsköpunar í atvinnulífi hefur aldrei verið meiri en nú. Fyrirséðar eru miklar samfélagsbreytingar og innleiðing nýrrar tækni á öllum sviðum. Haustþing SSV leggur áherslu á hlutdeild Vesturlands verði tryggð varðandi fjármuni til nýsköpunar í landshlutanum.

Haustþing SSV fagnar flutningi leigufélagsins Bríetar í Borgarnes og hvetur stjórnvöld til frekari aðgerða á flutningi starfa og auknu framboði á störfum án staðsetningar, en slík aðgerð er mjög mikilvæg til að auka byggðafestu á svæðinu og laða að nýja íbúa.

Umhverfismál/loftslagsmál

Haustþing SSV tekur undir mikilvægi aðgerða í umhverfismálum, sem kalla á margvíslegar leiðir til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið settar fram í loftslagsmálum og öðrum umhverfismálum. Mikilvæg aðgerð til að ná þessum markmiðum er að ríkið tryggi jöfnun í dreifingu og kostnaði raforku í landinu.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sýnt frumkvæði í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi undanfarinn áratug. Haustþing SSV samþykkir að sveitarfélögin á Vesturlandi munu leitast við að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau skulu beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og menningarleg auðlinda og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í málefnum sjálfbærrar þróunar.

Haustþing SSV fagnar að látið hefur verið af áður kynntum áformum um álagningu urðunarskatts. Sveitarfélög á Vesturlandi hafa mörg hver hafið eða eru í undirbúningsvinnu að söfnun og meðhöndlun á lífrænum úrgangi, auk annarra aðgerða sem miða að því að draga verulega úr urðun. Sorpurðun Vesturlands lauk snemma á þessu ári stefnumótunarvinnu um helstu áherslur sveitarfélaganna á Vesturlandi varðandi bættu meðhöndlun úrgangs. Fyrir liggur samningur á milli sorpsamlaga á suðvesturhorni landsins um innleiðingu nýrra leiða og lausna til breyttrar meðhöndlunar á þeim úrgangi sem til fellur á Íslandi og best verður leyst með hátækniþrenslu. Þessi vinna er farin af stað og Haustþing SSV hvetur til þess að henni verði hraða og ítrekar mikilvægi þess að ríkið komi að þessu stóra verkefni og taki þátt í fjármögnun þess. Verulegar áskoranir liggja fyrir sveitarfélögum á Vesturlandi vegna breytinga á regluverki um meðhöndlun úrgangs.

Mikil áhersla verður á komandi árum á loftslagsmál og getur Vesturland verið þar í fararbroddi. Environice vann ítarlega skýrslu fyrir SSV um kolefnisspor Vesturlands. Í skýrslunni sem kynnt var s.l. voru jafnframt tillögur að aðgerðum til þess að draga úr kolefnislosun á Vesturlandi. Í starfsáætlun SSV sem liggur fyrir þessu þingi er lagt til að unnin verði sameiginleg loftlagsstefna fyrir Vesturland sem miðar að því að landshlutinn uppfylli loftslagsmarkmið Íslands. SSV mun safna saman aðgerðaráætlunum sveitarfélaga á Vesturlandi í loftslagsmálum og halda utan um uppfærslur þeirra.